

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olúvара (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olúvара).

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist við nýr málslíður, svohljóðandi:

Markmiðið er enn fremur að veita styrki til að jafna flutningskostnað á olúvörum sem eru til notkunar innanlands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra aðstæðna.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

IV. kafli laganna nær til jöfnunarstyrkja vegna flutningskostnaðs á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, þó ekki olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga og erlendra skipa.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda.**

4. gr.

Á undan 7. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olúvара**, með tveimur nýjum greinum, 7. gr. – 8. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast númer annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olúvара

Byggðastofnun skal veita styrki til söluaðila olúvара, sbr. 3. mgr. 2. gr., vegna starfsemi tiltekinna útsölastaða á svæðum sem skilgreind eru í 1. mgr. 8. gr. vegna jöfnunar á flutningskostnaði olúvара og fer úthlutun fram á grundvelli umsókna söluaðila.

Úthlutun styrkja skal ákvörðuð í samræmi við þá heildarfjárhæð sem fyrirhugað er að veita til jöfnunar á flutningskostnaði olúvара á fjárlögum ár hvert og skal hver úthlutun vera í hlutfalli við veltu á viðkomandi sölustöðum ársins á undan.

Einn útsölastaður getur fengið flutningsjöfnunarstyrk sem nemur að hámarki 10% af heildarúthlutun flutningsjöfnunarstyrks ár hvert.

Nemi styrkhæfar umsóknir lægri fjárhæð en fjárheimildir ársins, að teknu tilliti til hámarks flutningsjöfnunarstyrks, sbr. 3. mgr., og að frádregnum kostnaði Byggðastofnunar, skal hækka hlutföll jöfnunarstyrkja hlutfallslega til allra umsækjenda, þar með talið umsækjenda sem fá hámarksstyrk, sbr. 3. mgr., þannig að fjárheimildir verði fullnýttar.

b. (8. gr.)

Styrksvæði skv. IV. kafla.

Styrkir, skv. 7. gr., skulu veittir til sölustaða olíuvara sem eru meira en 3 km. frá hringvegi og í þéttbýliskjörnum þar sem búa færri en 2.000 íbúar með þeim undantekningum sem getið er um í a- og b-lið.

- a. Undanskildir styrkveitingu, skv. 1. mgr., eru sölustaðir sem staðsettir eru í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi, þ.á.m. sveitarfélaginu Hornafirði auk sölustaða sem staðsettir eru í sveitarfélögum Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Borgarbyggð, eins og staðarmörk þeirra voru ákveðin 1. janúar 2012.
- b. Veita skal styrki vegna sölustaða sem staðsettir eru í sveitarfélögum Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðabyggð og Djúpavogshreppi eins og staðarmörk þeirra voru ákveðin þann 1. janúar 2012 óháð staðsetningu þeirra frá hringvegi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna.

- a. 1. mgr. orðast svo: Umsókn um flutningsjöfnunarstyrk, skv. II. og III. kafla laganna, skal skila til Byggðastofnunar. Með umsókn um flutningsjöfnunarstyrk skv. II. kafla skal fylgja greinargerð um flutningsjöfnun þar sem fram koma allar upplýsingar og tekur endurgreiðsla vegna flutningskostnaðar mið af henni. Með umsókn um flutningsjöfnunarstyrk skv. III. kafla skal fylgja endurskoðaður ársreikningur söluaðila og önnur gögn þar sem fram koma upplýsingar um sölu og veltu viðkomandi sölustaðar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða úthlutun styrks.
- b. Á eftir orðunum „3. mgr. 6. gr.” í 4. mgr. kemur: vegna styrkja skv. II. kafla.
- c. 5. mgr. orðast svo: Styrkveitingar skv. II. kafla eru í formi endurgreiðslu gegn framlögðum reikningum. Styrkveitingar skv. III. kafla eru í formi fjárgreiðslu.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „flutningsjöfnunarstyrk” í 1. mgr. kemur: skv. II. kafla og III. kafla.
- b. Á eftir orðunum “fjárhæð flutningsjöfnunarstyrk” í 2. mgr. 8. gr. kemur: skv. II. kafla.

II. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994.

7. gr.

Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, með síðari breytingum, falla brott.

8. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara starfar á grundvelli laga nr. 103/1994 og er hlutverk hans að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem ætlaðar eru til nota innanlands. Nær jöfnunin til flutninga á bensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíns og flugsteinolíu til innanlandsflugs. Jöfnunin nær hins vegar ekki til flutninga á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og flugvéla.

Jöfnunin tekur til flutnings á framangreindum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfn til annarra hafna í landinu og til landflutninga með tankbifreiðum til allra útsöluaða í byggð, frá næstu innflutningshöfn eða höfn sem getur tekið við þessum olíuvörum. Myndaður er sérstakur reikningur fyrir mismunandi flokka olíuvara sem gerður er sérstaklega upp með hliðsjón af tekjum og gjöldum flokksins.

Bygðastofnun ákveður, að fenginni tillögu frá stjórn sjóðsins, gjald á hvern flokk olíuvara fyrir minnst þrjá mánuði í senn og miðast fjárhæð þess við það að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað af þeim olíuvörum sem flytja þarf.

Innflytjendur olíuvara greiða flutningsjöfnunargjaldið með tvískipum hætti. Þeir innflytjendur sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum greiða flutningsjöfnunargjaldið af sölu í hverjum mánuði, eigi síðar en á síðasta virka degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Aðrir innflytjendur greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn.

Eins og áður sagði var sjóðnum komið á fót með lögum frá 1994 og hafa engar efnislegar breytingar verði gerðar á lögnum síðan þá. Rétt er þó að nefna að með lögum nr. 47/2018 var gerð sú breyting að tekjurnar renna ekki í sérstakan „flutningsjöfnunarsjóð“ heldur renna nú beint í ríkissjóð. Jafnframt bættist við ákvæði um að á grundvelli heimildar í fjárlögum skuli ráðherra ákvarða fjárveitingu í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um innheimtu tekna af gjaldi, sbr. 1. málsl. laganna.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjaldsins sem skilað er í ríkissjóð. Árleg heimild til ráðstöfunar er síðan ákvörðuð í fjárlögum hverju sinni og er fjárhæðin á árinu 2020 alls 375 m.kr. Í neðangreindri töflu má sjá tekjur og gjöld sjóðsins vegna árána 2017 og 2018.

Tekjur	2017	2016
Bifreiðabensín	106.778.090	87.875.172
Gasolíur	272.516.498	264.100.906
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	3.105.371	8.718.357
Flugsteinolía	1.399.117	1.005.031
Flugbensín	123.738	133.398
Samtals	383.922.814	361.832.864
Gjöld	2017	2016
Bifreiðabensín	96.836.831	96.053.776
Gasolíur	274.780.476	267.842.815
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	8.397.759	5.335.193
Flugsteinolía	1.276.401	1.049.954
Flugbensín	136.290	164.201
Rekstrarkostnaður	5.200.256	5.572.141
Samtals	386.630.030	376.018.080

2. Tílefni og nauðsyn lagasetningar.

Að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vann stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara minnisblað um stöðu sjóðsins og ábendingar og tillögur um úrbætur á verklagi eftir atvikum. Minnisblaðið barst ráðuneytinu í nóvember 2018 og var það síðan uppfært og sent að nýju 24. maí 2019 og aftur 31. október, þá að undangengnu samráði við olíufélögin. Þar var starfsemi og hlutverki sjóðsins lýst og sú skoðun sett fram að brýnt væri að huga að umfangsmiklum breytingum á honum „enda sé núverandi fyrirkomulag löngu úrelt“. Velt var upp þeirri spurningu hvort kerfið væri sanngjarnt og þar með best til þess fallið að uppfylla markmið laganna um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Hægt væri að einfalda kerfið töluvert og ná þannig niður kostnaði og minnka flækjustig. Flutningsmynstur hafi breyst verulega frá því að kerfinu var komið á fót, ferlið sé alltof flókið og kostnaðarsamt og engin sambærileg flutningsjöfnun væri á umhverfisvænni orkugjöfum til samgangna.

Meginniðurstaða stjórnar sjóðsins var að tilvist hans sé tímaskekkja og réttast væri að núgildandi lög um jöfnun á flutningskostnaði yrðu felld á brott og sjóðurinn lagður niður. Engu að síður taldi stjórnin opinberan stuðning við framboð á orkugjöfum til samgangna á byggðalega viðkvæmum svæðum mikilvægan og ætti fyllilega rétt á sér. Slíkur stuðningur, eins og annar byggðastuðningur, ætti hins vegar að eiga sér farveg innan byggðaáætlunar eða á annan sambærilegan hátt. „Það myndi einfalda framkvæmd flutningsjöfnunar verulega auk þess að koma mætti styrkjum með markvissari hætti til þeirra staða sem hennar þarfnast hvað mest. Eftir sem áður mætti fjármagna þennan stuðning með álagningu gjalds á innfluttar olíuvörur sem byggði á traustri lagaheimild.“

Sambærilegar niðurstöður var að finna í álitum Samkeppniseftirlitsins til Flutningsjöfnunarsjóðs frá 4. apríl 2017, sbr. einnig frummatsskýrslu eftirlitsins frá 30. nóvember 2015. Í álitinu var ítrekuð sú skoðun að reglur Flutningsjöfnunarsjóðs byggðu á nokkuð flóknum og torskildum reiknireglum. Bent var á að það hlyti að koma til álita að nota

mun einfaldari og gagnsærri reglur um greiðslur úr sjóðnum, sem væri í samræmi við stefnu stjórnvalda um einfaldara regluverk fyrir atvinnulífið. Ýmsar aðrar leiðir væru færar til þess að ná byggðamarkmiðum, fremur en með niðurgreiðslum á flutningskostnaði olíuvara í núverandi kerfi. „Með vísan til alls framangreinds, sbr. einnig nánari umfjöllun í frummatsskýrslu á bls. 260 og áfram, var það frummat Samkeppniseftirlitsins að færa mætti fyrir því sterk rök að nauðsynlegt væri að löggjafinn tæki með heildstæðum hætti til endurskoðunar umgjörð og/eða tilvist Flutningsjöfnunarsjóðs.“

Í tengslum við tillögur stjórnar Flutningsjöfnunarsjóðs um framtíð hans óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir því við Bygðastofnun að settar yrðu fram mögulegar sviðsmyndir um það sem tæki við, yrði sjóðurinn lagður niður í núverandi mynd. Í minnisblaði stofnunarinnar dags. 4. nóvember 2019 voru settar fram tvær mögulegar útfærslur á nýju fyrirkomulagi.

Annars vegar fyrirkomulag sem felur í sér stuðning við útsölastaði sem eru meira en 3 km. frá hringvegi og í þéttbýlisstöðum þar sem búa færri en 2000 íbúar. Til viðbótar verði sunnanvert Vesturland og Suðurland allt utan flutningsjöfnunar, þ.e.a.s. frá Borgarbyggð í vestri að Sveitarfélaginu Hornafirði í austri auk þess sem Austurland austan sveitarfélagsins Fljótshálsa ársstöðvar yrði innan jöfnunar, þ.á.m. Djúpavogshreppur.

Hins vegar fyrirkomulag sem tekur mið af korti sem teiknað var upp yfir styrkhæf svæði í sauðfjárbúskap og nú liggur til grundvallar aðgerða A.8 og A.9 í byggðaáætlun um styrkhæf svæði verslana í dreifbýli. Stuðningurinn tæki því til sölustaða sem eru í a.m.k. 150 km. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, 75 km. akstursfjarlægð frá Akureyri og 40 km. akstursfjarlægð frá öðrum byggðakjörnum með yfir 1.000 íbúa. Tengja mætti fyrirkomulagið við framkvæmd laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, og þá umsýslu sem þar er að finna hjá Bygðastofnun.

Megineinkenni beggja leiða eru þau að eingöngu verði greitt til útsölastaða í samræmi við selt magn eftir umsóknum frá söluaðilum á styrkhæfum svæðum. Að mati stofnunarinnar yrði tryggt með ofangreindum tveimur útfærslum að „afskekktustu svæðin njóti áfram flutningsjöfnunar til að tryggja framboð olíuvara en þess í stað falli niður flutningsjöfnun þar sem ætla megi að markaðslögmálin ein og sér dugi (t.d. í stærri sveitarfélögum og stöðum við hringveginn)“. Báðar leiðirnar eru til þess fallnar að fækka útreiknuðum endurgreiðslustöðum, einfalda kerfið til muna, auk þess sem ekki yrði lengur sérstök stjórnslásla um innflutning og útreikninga hans vegna.

Það liggur fyrir að það er markmið stjórnvalda að skipta yfir í umhverfisvæna orkugjafa. Á sama tíma er ljóst að bæði atvinnuvegir og samgöngur, sérstaklega í byggðum fjarri þéttbýliskjörnum eru enn háð olíuvörum sem orkugjafa og því sérstakt byggðamál að tryggja að þjónusta með olíuvörur haldi áfram í viðkvæmum byggðum, a.m.k. á meðan orkuskiptin fara fram.


3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tvennskonar breytingar.

Annars vegar eru lög um Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara felld úr gildi. Með því móti er það stjórnskipulag sem byggt hefur verið upp í kringum sjóðinn afnumið og hætt verður að leggja sérstakt flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innanlands. Aðgerðin einfaldar álögur á atvinnulífið og regluverk, en álagt gjald hefur verið um 375 m.kr. á ári. Þessari upphæð hefur svo verið endurúthlutað til innflytjenda í samræmi við sölur þeirra á olíuvörum utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Einn aðili

hefur skorið sig úr hvað þetta varðar vegna sérstöðu á staðsetningu afgreiðslustaða um landið, þ.e. framlög sjóðsins hafa verið hærri en gjaldið hjá viðkomandi aðila.

Hins vegar er lagt til að breyting verði gerð á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, sem feli í sér fyrirkomulag um stuðning við flutning á olíuvörum til svæða sem standa höllum fæti í byggðalegu tilliti og búa við skerta samkeppni af landfræðilegum og lýðfræðilegum ástæðum. Er lagt til að styrkjum verði úthlutað til sölustaða á tilteknum svæðum þar sem útsölustaðir eru meira en 3 km. frá hringvegi og í þéttbýlisstöðum þar sem búa færri en 2000 íbúar. Til viðbótar verði sunnanvert Vesturland og Suðurland allt utan flutningsjöfnunar, þ.e.a.s. frá Borgarbyggð í vestri að Sveitarfélaginu Hornafirði í austri auk þess sem Austurland austan sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs yrði innan jöfnunar, þ.á.m. Djúpvogshreppur. Talið var að ofangreind leið myndi ná markmiðum flutningsjöfnunar með sem bestum hætti.



Mynd 1 sýnir þessa leið þar sem merki olíufélaganna eru þeir núverandi sölustaðir sem verða innan jöfnunar en bláu hringirnir þeir núverandi sölustaðir sem við þetta munu falla utan flutningsjöfnunar. Stærstur hluti olíuvara kemur til landsins í Örfirisey í Reykjavík auk þess sem að ferðamannastraumur er hvað mestur á Suðurlandi, frá Borgarbyggð í vestri að Höfn í Hornafirði á austri og því lítil rök fyrir að þörf sé á flutningsjöfnunarstyrkjum á því svæði. Hins vegar verða ofangreind svæði á Austfjörðum að teljast þurfa á sérstökum byggðalegum stuðningi að halda, þrátt fyrir að standa nálægt hringvegi, til að mynda Djúpvogur, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður. Má í því sambandi t.d. nefna að Breiðdalshreppur var hluti af verkefni Byggðastofnunar - Brothættum byggðum árin 2013 – 2018.

Þá er lagt til að útreikningur flutningsjöfnunargjaldsins verði einfaldaður til muna. Talið var þó óhjákvæmilegt að miða stuðninginn við veltu sölustaða til að ná fram sanngjarnri dreifingu á jöfnunarstyrknum og til að koma í veg fyrir óæskilega hvata í kerfinu. Þá er einnig lagt til að þak verði sett á jöfnunarstyrkinn, þannig að einn sölustaður sem hefur mikla veltu

taki ekki til sín óeðlilega mikið magn af því fjármagni sem nýta á til flutningsjöfnunar. Er því lagt til að útsölustaður geti einungis fengið sem nemur 5% af því heildarframlagi sem ætlað er til flutningsjöfnunar skv. fjárlögum.

Ljóst er að sú aðferð sem hér er lögð til felur í sér mun einfaldari leið til jöfnunar á olíuvörum en verið hefur og tryggir jafnframt að áfram verði aðgengi að eldsneyti í strjálbýli.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er að finna almennt bann við ríkisaðstoð en frá því banni eru þó ákveðnar undantekningar líkt og fram kemur í 2. og 3. mgr. 61. gr., og eru þær undanþágur útfærðar í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð.

Almennt er óheimilt að veita rekstrarstyrki sem hafa það að markmiði að lækka rekstrarútgjöld fyrirtækja en ákveðnar undanþágur eru þó veittar ef aðstoðin hefur þann tilgang að styðja við byggðapróun. Þetta á til dæmis við um aðstoð á strjálbýlum svæðum eða svæðum sem standa höllum fæti, t.d. vegna fækkunar íbúa, fjarlægðar frá markaði, lítills íbúapétteleika eða skertrar samkeppnisstöðu. Í raun er það í höndum EFTA-ríkjanna sjálfra að sýna fram á og rökstyðja hvaða svæði þurfa á aðstoð að halda og að sú aðstoð samrýmist reglum um rekstrarstyrki. Þó ber að hafa í huga að slík aðstoð þarf að vera almenn í eðli sínu en ekki þannig að hún hygli ákveðnum fyrirtækjum umfram önnur í sambærilegri stöðu.

Í tilviki jöfnunar á flutningi olíuvara, byggir Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara á eldra kerfi sem komið var á fót árið 1985, eða fyrir gildistöku EES samningsins, og hefur því verið skilgreint sem yfirstandandi aðstoð. Það felur í sér að eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki tekið kerfið til skoðunar. Umtalsverðar breytingar sem gerðar yrðu á yfirstandandi kerfi gæti talist ný aðstoð sem þarf að tilkynna til stofnunarinnar. Tillögurnar sem ekki fela í sér verulegar breytingar á eðli (markmiði, leiðum og grundvelli) eða umfangi (t.d. mengi aðstoðarþega) telst á hinn bóginn ekki ný tilkynningarskyld aðstoð. Að mati ráðuneytisins felur sú leið sem hér er lögð til í sér umbreytingu en ekki verulega breytingu og er því ekki tilkynningarskyld.

Frumvarpið kallar ekki á sérstaka skoðun á stjórnarskránni.

5. Samráð.

Í aðdraganda að uppfærslu minnisblaðsins fundaði stjórn sjóðsins með stærstu dreifingaraðilum olíuvara. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum Samtaka atvinnulífsins þriðjudaginn 26. mars 2019 og mættu forsvarsmenn stóru olíufélaganna þriggja hver í sínu lagi. Forsvarsmenn Atlantsolíu þáðu ekki boðið. Heilt yfir taldi enginn að framboð myndi dragast saman ef flutningsjöfnun yrði lögð niður, en einn forsvarsmaður taldi líklegt að verð myndi hækka á afskekkustu stöðunum. Flutningsjöfnun gæti þó verið mikilvæg fyrir stórnotendur, ekki síst útgerðirnar.

Í kjölfar þessa, eða með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 2. júlí 2019, var olíufélögunum gefinn kostur á að setja fram athugasemdir sínar við ofangreint minnisblað stjórnar Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara. Aðeins kom svar frá N1 sem taldi ekki ástæðu til þess að fara í þær breytingar sem lagðar eru til. Þess heldur væru rök fyrir því að viðhalda núgildandi kerfi þó með þeirri breytingu að kostnaðargrunnur sem nú er notaður við flutningsjöfnunartreikninga verði uppfærður reglulega og stuðst við eins ný gögn og mögulegt er.

Drög að frumvarpi hefur verið sett í samráðsgátt stjórnvalda þar sem leitað hefur verið eftir umsögnum almennings og hagsmunaaðila.

6. Mat á áhrifum.

Í framhaldi af minnisblaði stjórnar Flutningsjöfnunarsjóðs olúvára um að leggja sjóðinn niður og minnisblaði Byggðastofnunar um aðrar leiðir til að ná sömu markmiðum, óskaði ráðuneytið eftir því við stjórn sjóðsins að unnið yrði sérstakt mat á byggðááhrifum. Tilgangurinn var ekki síst sá að hafa tiltækt mat á áhrifum þess að leggja sjóðinn niður og gögn þar að lútandi, sem og að fyrir lægi mat til hvaða annarra stuðningsaðgerða þyrfti að grípa til að tryggja að aðgerðin leiddi ekki til neikvæðra áhrifa á búsetuskilyrði og byggðaðpróun í landinu, sbr. m.a. markmið gildandi byggðáætlunar.

Var Capacent fengið til verksins og skilaði það álitinu sínu 3. janúar 2020. Bent var á að dreifingarkostnaður eldsneytis um landið væri ekki mjög stór kostnaðarliður í umfangi olúfélaganna. Ef flutningsjöfnun yrði lögð af myndi það að öllum líkindum ekki hafa umtalsverð áhrif á verð á eldsneyti á stórum hluta landsbyggðarinnar. Áhrifin yrðu hins vegar mismikil á olúfélögin og kæmu harðar niður á því félagi sem annast mesta dreifingu um landið. Það gæti haft þau áhrif að viðkomandi félag þyrfti að hækka verð hjá sér umfram önnur félög en líklegri væri að staðir legðust af sem hefðu minnst umfang og hæstan flutningskostnað.

Það væri hins vegar mikilvægt að allir landsmenn hafi aðgengi að eldsneyti og því er ekki æskilegt að dreifing þess til fámennra, afskekktu staða leggist af. „Niðurstaðan er því sú að ekki eru taldar miklar líkur á því að eldsneytisverð breytist umtalsvert þótt flutningsjöfnun verði lögð af og þar af leiðandi er ekki búist við miklum áhrifum á byggðaðpróun í landinu ef það yrði gert. Þar eru að verki aðrir mun sterkari kraftar. Vegna þess að sölustaðir olúfélaganna eru misjafnt dreifðir um landið gætu afleiðingarnar orðið að sölustöðum mundi fækka og aðgengi að eldsneyti þar með versna. Til að koma í veg fyrir það gætu stjórnvöld gripið til sams konar aðgerða og gagnvart dagvöruverslun í mesta strjálbýlinu og beint stuðningi sem ekki væri háður seldu magni eldsneytis til aðila sem væru tilbúnir að veita þjónustu þar sem hana yrði ekki að finna að öðrum kosti. Þennan stuðning mætti fjármagna óbeint með gjaldi á jarðefnaeldsneyti.“

Áhrif frumvarpsins á ríkissjóð eru þau að í stað sérstaka gjaldsins á olúvörur kemur beint framlag úr ríkissjóði til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar upp á 175 m.kr. sem fjármagnað verður með hækkun vörugjalda á olúvörur. Sú fjárhæð verður nýtt til að jafna kostnað á dreifingu og sölu olúvára á landsbyggðinni, eftir nánar skilgreindum reglum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og verða áhrif á ríkissjóð engin.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til þá breytingu á markmiðum laganna að lögunum sé einnig ætlað að veita styrki til að jafna flutningskostnað olúvára. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði er gildissvið laganna víkkað út í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og fram kemur að veita skuli jöfnunarstyrki vegna tiltekinna olúafurða. Um verði að ræða sölu á bifreiðabensíni, gasolíu og öðrum olíum og blöndum til brennslu, þó ekki olíu sem ætluð er til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga og erlendra skipa. Sú breyting er gerð frá núverandi framkvæmd að ekki verða veittir jöfnunarstyrkir vegna sölu á flugvélabensíni en

jöfnunargreiðslur vegna flugvélabensíns og flugsteinaolíu hefur talið um 0,3% af heildarflutningsjöfnun árlega.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að lögfestur verði nýr kafli í lög um svæðisbundna flutningsjöfnun. Kaflinn ber heitið aðrir flutningsjöfnunarstyrkir og eru styrkir veittir samkvæmt þessum kafla þannig aðgreindir frá öðrum styrkjum sem veittir eru samkvæmt lögnum. Er það gert þar sem þeir styrkir sem hér er mælt fyrir um eru annars eðlis og byggja á mun einfaldari útreikningum en styrkir sem veittir eru skv. III. kafla laganna.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. a-liðar ákvæðisins kemur fram að styrkir skulu veittir til söluaðila olíuafurða á grundvelli umsókna.

Í 2. mgr. a-liðar ákvæðisins er kveðið á um hvernig úthlutun skal fara fram. Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting vegna jöfnunarstyrkja olíuvara sé ákveðin í sérstakan lið í byggðaáætlun í fjárlögum. Útreikningur úthlutunar fer síðan þannig fram að heildarfjárveitingin er skipt hlutfallslega á milli umsækjenda eftir veltutölum. Sem dæmi ef fjárveiting til flutningsjöfnunar er 170 milljónir og 30 söluaðilar sækja um styrk, er heildarvelta allra umsækjanda fundin og fjárveitingunni skipt hlutfallslega eftir veltutölum hvers söluaðila fyrir sig. Þannig að ef heildarvelta söluaðila olíuvara á þeim svæðum sem jöfnun flutningskostnaðar tekur til er 200 milljónir kr., og velta hjá einstökum söluaðila er 5 milljónir kr. eða 2,5% af heildarveltu, fær sá söluaðila 2,5 % af 170 milljónum úthlutað í sinn hlut, eða 4.250.000 kr.

Í 3. mgr. a-liðar er lagt til að sett verði þak á jöfnunarstyrk sem einn sölustaður getur fengið. Er lagt til að hámarkið verði miðað við ekki verði greiddur hærri styrkur en sem nemur 10% af heildarframlagi flutningsjöfnunarstyrks ár hvert. Er tilgangur reglunnar bæði að koma í veg fyrir að einn sölustaður taki til sín of hátt hlutfall af heildarframlagi flutningsjöfnunarstyrksins en byggir einnig á því sjónarmiði að ef um mikla veltu er að ræða ætti að vera minni þörf á styrk vegna flutningsjöfnunar.

Í 4. mgr. a-liðar er lagt til að ef regla 3. mgr. leiðir til þess að fjárheimild vegna flutningsjöfnunarstyrkja verði ekki fullnýtt, svo sem ef 6 umsóknir berast og hver og einn með yfir 10% hlut af heildarveltu, þá verði því sem eftir stendur skipt hlutfallslega á milli allra umsóknaraðila.

Í b- lið ákvæðisins er mælt fyrir um að styrkir skulu veittir til sölustaða olíuvara sem eru meira en 3 km. frá hringvegi og í þéttbýliskjörnum þar sem búa færri en 2.000 íbúar. Þurfa þannig bæði skilyrðin að vera uppfyllt. Þá er lagt til að sölustaðir sem staðsettir eru í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi, þ.á.m. sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði auk sölustaða sem staðsettir eru í sveitarfélögum Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Borgarbyggð séu ekki styrkhæfir. Þar sem ljóst er að staðarmörk sveitarfélaga kunna að breytast er lagt til að miðað verði við staðarmörk sveitarfélaga eins og þau voru ákveðin 1. janúar 2012 sem er í samræmi við önnur ákvæði laganna. Auk þess er mælt fyrir um að veita skuli styrki til sölustaða sem staðsettir eru í sveitarfélögum Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðarbyggð og Djúpavogshreppi eins og staðarmörk þeirra voru ákveðin þann 1. janúar 2012 óháð staðsetningu sölustaðanna frá hringvegi.

Ljóst er að þau ákvæði sem hér er mælt fyrir að verði lögfest, fela eingöngu í sér grundvallaratriði fyrirkomulags um útteilingu styrkja vegna jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara. Er því gert ráð fyrir að ráðherra setji frekari reglur um jöfnunarstyrki vegna

flutningskostnaðar á olíuvörum, sbr. 10. gr. laganna, svo sem um útreikning flutningsjöfnunarstyrkja, umsóknir um styrki, meðferð umsókna og greiðslu styrkja.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að kafli um framkvæmd styrkveitinga gildi einnig um styrkveitingar vegna jöfnunar á kostni olíuvara, þ.á.m. umsóknarferlið og endurgreiðslur. Eru breytingar á 7. gr. laganna lagðar til með það í hug.

Um 6. gr.

Sömu sjónarmið eiga hér við og um 5. gr.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara verði lagður niður í samræmi við markmið og tilgang þessa frumvarps.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.